

| SAMGÖNGUR  | LANDSHLUTI        |
|--|-------------------|
| <p><b>Öruggar, góðar samgöngur með áherslu á vetrarsamgöngur</b><br/>           Staðið verði við samgönguáætlun. G-regla verði afnumin - Öxi.<br/>           Ríflegri rammi verði veittur til framkvæmda og þjónustu.<br/>           Fundnar verði leiðir til að stækka kókuna, tam með veggjöldum.<br/>           Samið verði við bændur um snjómokstur í dreifbýli.</p>  | AUSTURLAND        |
| <p><b>Góðar og öruggar samgöngur</b><br/>           Lækkun fargjalda í almenningssamgöngum<br/>           Fjölgun ferða til að gera þetta sem raunhæfan valkost<br/>           Reykjanesbraut – milli þungi til og frá flugvöllum. Þarf að klára tvöföldun<br/>           Lest milli höfuðborgarsvæðisins og Reykjanesbæjar – öryggi, aðgengi og kolefnisfótspor<br/>           Hjólréiðavegur milli flugstöðvar og höfuðborgarsvæðisins (útsýnisleið)</p>   | SUÐURNES          |
| <p><b>Flugsamgöngur, innanlands, til útlanda</b><br/>           Átak verði gert í uppbyggingu flugvallarins og lengingu flugbrautar.<br/>           Þrýst verði á Icelandair um að bæta þjónustu.<br/>           Haldið verði í aðgerð í byggðaaætlunum jöfnun eldsneytiskostnaðar (B10)<br/>           Bætt verði í flugbrúnaarsjóð til að hann nýtist betur<br/>           Haldið verði áfram að efla Loftbrúna</p>  | AUSTURLAND        |
| <p><b>Bæta samgöngur á landi og í lofti.</b> Þrýst að auka fjármagn í vegi og flugsamgöngur. Þarf að standa við SÁG, tryggja mokstur, vetrarþjónustu. Halda Axarvegi opnum allan ársins hring. Bændur þurfa að komast leiðar sinnar. Þarf að klára að fjármagna og setja Fjarðarheiðargöng í úboð. Átak þarf að gera í flugsamgöngum, bæta þarf í Loftbrúna og markaðssetja Austurland til að efla flugsamgöngur. Jafna þarf eldsneytisverð.</p>   | AUSTURLAND        |
| <p><b>Öflugar samgöngur allt árið um kring, aðgengilegar almenningssamgöngur og örugg fjarskipti</b><br/>           Fjármagn<br/>           Skilningur stjórnvalda<br/>           Skynsamlegri forgangsörðun<br/>           Jafnræði í uppbyggingu og gjaldtöku samgangna<br/>           Viðhald – öryggi vega</p>   | VESTFIRÐIR        |
| <p><b>Samgöngur – góðar og stöðugar</b><br/>           Vegakerfið og þjónustan verði eins og annars staðar á landinu<br/>           Þjónustan ekki í samræmi við þarfir atvinnulífsins – léleg þjónusta og ástand vega.<br/>           Öruggar samgöngur á milli atvinnusvæða<br/>           Jarðgöng í stað hættulegra vega<br/>           Hægt að búa á einum stað og unnið annars staðar en sótt börnin á leikskólann – kynjasjónarmið koma hér að sem og Umhverfissjónarmið í tengslum við jarðgöng.<br/>           Vetrarþjónustan verður að vera í lagi – við mat á þjónustustigi má ekki bara líta til fjölda bíla, mikið af flutningabílum. Breyta þarf reglum þar að lútandi.<br/>           Þetta fyrirkomulag að vetrarþjónustan hafi fasta fjárveitingu miðað við meðalvetur – ef kostar meira þarf að borga til baka árið eftir. Þessu þarf að breyta. Ef góður vetur þarf að skila fjármagninu.<br/>           Viðurkenna verður hversu mikið álag vöruflytningabíla hafa á vegina</p> | VESTFIRÐIR        |
| <p><b>Góðar samgöngur á landi og sjó (ferjan)</b><br/>           Góð vetrarþjónusta tryggir að ekki sé hættulegt að búa í afskekktari byggðum<br/>           Betri almenningssamgöngur, tam strætó. Tómsundaakstur sé tengdur strætó til að stuðla að betri nýtingu.<br/>           Nýta almenningssamgöngur betur í ferðaþjónustu</p>   | VESTURLAND        |
| <p><b>Samgöngur, skynsöm uppbygging vega, tryggar samgöngur á landi og í lofti</b><br/>           Draga úr kröfum um breidd vega til að hægt sé að komast yfir að malbika lengra<br/>           Notendagjaldtaka<br/>           Göng gegnum Tröllaskaga</p>  | NORÐURLAND VESTRA |
| <p><b>Búsetufrelsi krefst góðra samgangna sem hægt er að treysta á.</b><br/>           Fjármagn – Vestlendingar hafa samgönguáætlun þar sem búið er að forgangsraða framkvæmdum.<br/>           Nýjar hugmyndir um samfélagsvegi – lágmarks veggjöld til að flýta vegafarmkvæmdum.<br/>           Bundið slitlag/malbik á fjölfarna malarvegi.</p>   | VESTURLAND        |
| <p><b>Almenningssamgöngur</b><br/>           Þolinnaði til efna til alvöru tilrauna með nýjungar – gefa þeim nægan tíma<br/>           Aukin aðkoma jöfnunarsjóðs/riksins að fjármögnun almenningssamgagna</p>   | NORÐURLAND VESTRA |
| <p><b>Uppbygging flugvalla og öruggt sjúkraflug</b><br/>           Aukið fjármagn frá ríkinu<br/>           Uppbygging flugvallar fari inn á fimm ára samgönguáætlun<br/>           Fjármagn sé tryggt til að halda uppi flugsamgöngum á veturna<br/>           Gengið sé í uppbyggingu alþjóðaflugvallar á Akureyri<br/>           Tryggðar séu vegasamgöngur á mikilvægum leiðum eins og til Akureyrar</p>   | NORÐURLAND VESTRA |
| <p><b>Búsetufrelsi krefst góðra samgangna sem hægt er að treysta á. Sérstaklega í ljósi aðgengis að heilbrigðisþjónustu</b><br/>           Betri miðlun um færð vegum – bætta upplýsingar um mokstur og hvenær áætlað er að vegur opni. Er hægt að hafa opið fyrir 4x4 þegar lokað er fyrir minni bíla?<br/>           Forgangsörðun framkvæmda – taka tillit til þess hvað vegir eru lokaðir marga daga.<br/>           Opna á fjárfestingar lífeyrissjóða í innviðaupbyggingu.<br/>           Staðlar við uppbyggingu/viðhald – er hægt að gera aðeins minni kröfur til þess að halda vegum opnum.<br/>           Sjúkraflug – flugvellir á Norðurlandi vestra eru að verða ótækir. Blönduósflugvöllur – ekki bundið slitlag á völlum sem er sjúkraflugvöllur.</p>   | NORÐURLAND VESTRA |

## Tryggja samgöngur á landi, með áherslu á vetrarþjónustu, á sjó og í lofti

Tvöfalda þarf fjárframlög til héraðs- og tengivega.

Tryggja þarf jafnræði í snjómokstri innan sveitarfélaga.

Draga þarf úr kröfum um nýfrankvæmdir og auka áherslu á viðhald og þundið 8litlag með hliðsjón af umferðarþunga.

Halda þarf Reykjavíkflugvelli í Vatnsmýrinni.

Tryggja þarf skólaakstur allra grunnskólabarna óháð staðsetningu.

Stytta þarf hringveginn.

Tryggja þarf ferjuflutninga.

Efla þarf almenningssamgöngur.

Bæta þarf bryggjuviðhald.

Skilgreina þarf innanlandsflug sem almenningssamgöngur og veita aukinn stuðning

NORÐURLAND EYSTRA

## Búsetufrelsi krefst góðra samgangna sem hægt er að treysta á.

Verður að tryggja flug. Of mikið af því að fellt sé niður flug.

Þarf mögulega að bæta vegasamgöngur

Ríkisstyrkir – þarf að skoða

Samnýta flutning á fólki og vörum

Gera reglur um snjó mokstur gegnsæjar og flokkun vega (héraðs- landsvegur o.s.frv.) ætti frekar að horfa á umferð vegunum og hverskonar umferð sé þar.

NORÐURLAND EYSTRA

## Samgöngur, þjóðvegur eitt, flug og hafnir.

Aukið fjármagn til samgönguáætlunar.

Aukið fjármagn til uppbyggingar hafskipahafnar.

Auka fjármagn í Loftbrúna.

Flýta uppbyggingu samgöngukerfisins með einhvers konar gjaldtöku, t.d. á hvern kílómetra óháð farartæki.

SUÐURLAND

## Umferðaröryggi, breikka vegi, útrýma einbreiðum brúm.

Forgangsráða útrýmingu einbreiðra brúa.

Laga aðreinar og fráreinar, sérstaklega á þjóðvegi eitt.

Gera klifurrein upp Skógarhlíðarbrekku í Þrengslum.

SUÐURLAND

## Almenningssamgöngur:

Flug tvisvar á dag alla vikuna tryggt til Hafnar

Skiptir máli að halda innansveitarvegum opnum við styttingu leiða.

Auka öryggi og útrýma einbreiðum brúm.

Miðað við að bæta dreifikerfi raforku og tryggja afhendingaröryggi. Verður að vera grunnstef.

SUÐURLAND

## Samgöngur – öruggi vega (einbreiðar brýr og breidd vega) og viðhald á vegum sem (sérstaklega malarvegum) ekki síst þar sem slíkir vegir þjóna sem hjáleidir og öruggisvegir fyrir þjóðveg 1

Skilgreina öryggishjáleid og forgangsráða þannig.

Betri þjónusta við vegina (heflun) þar til slitlag eða malbik.

Breytingar um regluverki? Þarf alltaf að vera „full“ breidd á vegum sem verið er að endurnýja.

Samstarf við sveitarfélög um forgangsröðun á verkefnum.

Bætt vetrarþjónusta fyrir alla íbúa (þjónusta sveitarfélaga).

Skoða stig vetrarþjónustu á þjóðvegum.

Aðalbraut fer upp með skóla og íþóttasvæði

SUÐURLAND

## Húsnæðismál – mikilvægt að uppbygging gangi eftir til að tryggja atvinnuuppbyggingu á svæðinu.

Gerir byggingareglugerð of miklar kröfur til húsnæðis? Er það takmarkandi þáttur.

Tryggja sveitarfélögum land við þéttbýli.

SUÐURLAND

## Bættar almenningssamgöngur og betri innviðir fyrir virka ferðamáta

Hugsa í tveimur skólum, daglegt líf og nálægð og að komast á milli landshluta.

Fjórasta meira í almenningssamgöngum.

HÖFUÐBORGARSVÆÐI

## Fjölbreyttir ferðamátar og tenging á milli mismunandi ferðamáta, park and ride, hophjól, hoppbílur, almenningssamgöngur, einkabíll. Samgöngufrelsi, að það sé tækifæri til að velja þann ferðamáta sem þú helst kýst.

Innviðir fyrir fjölbreytta ferðamáta þar sem það á við.

Hvatar – forgangsakreinar fyrir almenningssamgöngur. Þarf að koma til fjárhagslegur stuðningur við framkvæmdir vegna almenningssamgöngur.

Hvatar - til að kaupa rafmagnshjól, fyrirtæki láni hjól til starfsmanna.

HÖFUÐBORGARSVÆÐI

## Á höfuðborgarsvæðinu þarf að fókusa á almenningssamgöngur til að tryggja samkeppnishæfni.

Meiri tíðni á leiðum, meiri forgangur.

Samkeppnishæfur valkostur.

Gjaldfrítt á ákveðnu svæði í strætó og fyrir ákveðin aldur.

Leiðir og tíðni milli landshluta væri skilgreint í samgönguáætlun og aðalleiðir á höfuðborgarsvæðinu.

Mikilvægir göngustígar og hjólastígar skilgreindir í grunneti samgangna.

HÖFUÐBORGARSVÆÐI

## Öryggi samgangna fyrir allar tegundir ferðamáta og skilvirkni ferðamáta. Horfa til mismunandi getustigs, aldurs og kyns við útfærslu.

Bregðast við nýjum ferðamátum með fræðslu og leiðbeiningum

Hver er í forgangi á stígum.

Hraðatakmarkanir á stígum

HÖFUÐBORGARSVÆÐI

Húsnæði, samgöngur fyrir virka ferðamáta (mikið gert en þarf meira til), almenningssamgöngur. Búsetu- og samgöngufrelsi verði að vera í sömu setningu. Aukin uppbygging á húsnæðismarkaði. Húsnæði og samgöngur skipulagt með samhæfðari hætti – í takt við íslenskar aðstæður. Bættar almenningssamgöngur og betri innviðir fyrir virka ferðamáta.

HÖFUÐBORGARSVÆÐI

Gott stofnbrautakerfi allra ferðamáta – lykilstígar. Byggja upp öflugt almenningssamgöngukerfi skv. samgöngusáttmála. Viðtæk uppbygging samgönguinnviða nauðsynleg fyrir alla samgöngumáta. Þarf að hugsa út frá sjálfbærni-konsepti. Hægt að spara mikið í umferðinni ef fólk er hvatt til að vinna stundum heima.

HÖFUÐBORGARSVÆÐI

Almenningssamgöngur, göngu og hjólastígar – samgöngusáttmálinn skref í rétta átt. Þarf að tryggja öflugt og gott samtal ríkis og sveitarfélaga.

HÖFUÐBORGARSVÆÐI

| HÚSNÆÐISMÁL   |                   |
|---|-------------------|
| <p><b>Húsnæðismál – framboð og aðgengi að fjármagni</b><br/>Veita þarf aukinn fjárhagslegan stuðning við húsnæðisuppbyggingu.<br/>Efna þarf til úrræða sem henta landsbyggðinni betur heldur en stofnframlög.<br/>Ákveðna % sem bankar þurfa að eyða á kaldari svæðum en suðvesturhorninu</p>   |                   |
| <p><b>Húsnæðismál.</b> Tekju og eignaviðmið eiga ekki við á Austurlandi.<br/>Mun dýrara úti á landi. Stofnframlög – eigna og tekjumörk eiga illa við eldri hóps fólks á Austurlandi. Fólk orðið tekjulítið og stenst ekki eignamarkmið. Þau þurfa að komast úr stórum húsum og minnka við sig. Þarf að uppfæra eigna og tekjuviðmið. Verðbólga, þarf að mæla landshluti eftir því hvernig þeir standa. Stefnumótun taki mið af því.</p>   | AUSTURLAND        |
| <p><b>Húsnæðismál</b><br/>Fjármagn<br/>Gott skipulag leggur grunninn að húsnæðisuppbyggingu<br/>Uppbygging fjölbreytts leigumarkaðar<br/>Metnaður<br/>Iðnaðarmenn/konur<br/>Leiðir sem henta landsbyggðinni, t.a.m. lægri lántökukostnaður (núna er hann hærri á land</p>   | AUSTURLAND        |
| <p><b>Húsnæðismál</b><br/>Lánakjör og aðgangur að lánsfé til að tryggja uppbyggingu bæði atvinnu- og íbúðarhúsnæðis byggja þarf upp húsnæði í stórum stíl<br/>Byggingarkostnaður<br/>Regluverk í kringum nýbyggingar gera einstaklingum erfitt fyrir með að ráðast í nýbyggingar<br/>Efla mætti eftirlit með nýbyggingum þannig að eftirlitsaðilinn tekur út hvern verkþátt fyrir sig í stað þess að meistarar kvitti upp á.<br/>Flutningskostnaður, m.a. matvæla, jafnt aðgengi að öllum vöruhegundum (Hagar ekki með verslun á Vestfjörðum)<br/>Flutningsjöfnunarsjóður – tryggja fjarmang þannig að framleiðslufyrirtæki geti sótt fjármagn</p>  | VESTFIRÐIR        |
| <p><b>Húsnæði – íbúða- og atvinnuhúsnæði</b><br/>Einfalda þarf byggingarreglugerð, tam óþarfi að gera ráð fyrir að allir þurfi geymslu.<br/>Áhersla á góða skipulagsvinnu sveitarfélaganna.<br/>Afnema verðtryggingu á Íslandi.<br/>Banna vaxtavexti.</p>   | VESTURLAND        |
| <p><b>Húsnæðismál</b><br/>Hækka þarf stofnframlög ríkis og sveitarfélaga<br/>Auka þarf fjármagn í skipulagssjóðs<br/>Rýmka kröfur um fjármögnun til þeirra sem eru að byggja í fyrsta skipti<br/>Aukið þarf framboð af leiguhúsnæði<br/>Gera þarf leigutekjur skattfrjálssar</p>  | NORÐURLAND VESTRA |
| <p><b>Húsnæðisuppbygging, t.d. uppbygging virks leigumarkaðar, húsnæði fyrir fólk af erlendum uppruna og fólk með fötlun. Virk leigufélög eins og Briet.</b><br/>Aukin aðkoma ríkisins að uppbyggingu á landsbyggðinni.<br/>Einfaldara regluverk í tengslum við uppbyggingu húsnæðis á landsbyggðinni.<br/>Sanngjarnar leikreglur á leigumarkaði, hugsanlega leigubak.</p>  | SUÐURLAND         |
| <p><b>Heilnæmt húsnæði</b><br/>Hægt að einfalda regluverk og skipulagsferli</p>   | SUÐURLAND         |
| <p><b>Búsetu- og samgöngufrelsi verði að vera í sömu setningu. Aukin uppbygging á húsnæðismarkaði. Húsnæði og samgöngur skipulagt með samhæfðari hætti – í takt við íslenskar aðstæður.</b><br/>-Lagaákvæði sem vinna með þessu en ekki gegn því s.s. Carlsbergákvæðið en einnig hluteldarlánin og hvernig þau geta unnið gegn búsetufrelsi.<br/>-Geta til að skipta um búsetu hratt og auðveldlega s.s. í tilfellum innflytjenda, skólafólks og gíggara.<br/>-Tryggja sameiginlegan skilning á ábyrgð og umfangi húsnæðisuppbyggingu.<br/>-Auðvelða fólk geti verið skráð saman í búsetu án þess að vera skráð hjón eða í sambúð m.t.t. bóta o.þ.h.<br/>-Skráning á húsnæði sem er ekki heimili með hærri fasteignagjöld en í dag.</p> | HÖFUÐBORGARSVÆÐI  |
| <p><b>Gæði húsnæðis, bjartar íbúðir, hljóð- og loftmengun sé í lágmarki, góð bæjarrými, skjólgóð svæði.</b><br/>Skýr viðmið eða ákvæði um þessi atriði í byggingareglugerð<br/>Markmið um gæði byggðar, ljós, birtustig, hljóð og loftmengun, skjól o.s.frv. í landsskipulagsstefnu.</p>  | HÖFUÐBORGARSVÆÐI  |
| <p><b>Stuðningur við uppbyggingu húsnæðis</b> (félagslegt húsnæði), velferðarþjónusta byggð upp, heilbrigðis- og geðheilbrigðisþjónusta á landsbyggðinni Fólk ekki of háð því að koma til höfuðborgarsvæðisins. Manneskjulegt borgarskipulag. Efla tekjustofna sveitarfélaga – skipting ábyrgðar milli ríkis og sveitarfélaga, fatlaðir.</p>  | HÖFUÐBORGARSVÆÐI  |
| <p><b>Húsnæðismál</b><br/>Lagaumhverfið að styðja við samþættingu við uppbyggingu húsnæðis og samgangna. 25% ákvæðið um búsetu – hægt að búa alls staðar.<br/>Stuðningur við uppbyggingu húsnæðis (félagslegt húsnæði), velferðarþjónusta byggð upp, heilbrigðis- og geðheilbrigðisþjónusta á landsbyggðinni Fólk ekki of háð því að koma til höfuðborgarsvæðisins. Manneskjulegt borgarskipulag. Efla tekjustofna sveitarfélaga – skipting ábyrgðar milli ríkis og sveitarfélaga, fatlaðir.</p>  | HÖFUÐBORGARSVÆÐI  |
| <p><b>Öruggt húsnæði.</b> 20 mínútna. Dagleg þjónusta í nærumhverfi. Heimsendingar breyta leikum. Afþreying og ... Fjölskyldan og góðar samgöngur.</p>  | HÖFUÐBORGARSVÆÐI  |
| <p>Áætlan í uppbyggingu húsnæðis mikilvæg – mikilvægt í þéttingu hverfa að innviðir fylgi, bæði samgöngu og grunnþjónustu.</p>  | HÖFUÐBORGARSVÆÐI  |

| GRUNNÞJÓNUSTA  |                   |
|--|-------------------|
| <p><b>Uppbygging nærþjónustu/grunnþjónustu – aðgengi og gæði</b><br/> Tryggja þarf aðgengi að fjölbreyttri þjónustu, t.a.m. þjónustu sveitarfélagsins og húsgagnabúðum<br/> Endurskoða þarf tekjustofna sveitarfélaga í samræmi við tillögur sambandsins, tam um hluteild í gistináttagjaldi,<br/> fjármagnstekjuskatti og fiskeldisskatti.<br/> Færa þarf þjónustuna nær fólkinu.</p>   | AUSTURLAND        |
| <p><b>Þjónusta</b><br/> Tæknivæðing lykilatriði<br/> Heilbrigðisþjónusta<br/> Hí er risaeðla, háð duttlungum hvers sviðs fyrir sig hvort boðið er upp á fjarnám. Þarf bara að taka ákvörðun um að þetta verði í boði. Vöntun á náms og starfsráðgjöf um land allt.</p>   | AUSTURLAND        |
| <p><b>Aðgengi að almennri heilbrigðisþjónustu og sérfræðingum</b><br/> Fjármagn<br/> Skilningur stjórnvalda<br/> Aðgengi að sérfræðingum<br/> Fjarheilbrigðisþjónusta þegar sú leið hentar<br/> Jafnræði<br/> Öryggi</p>   | VESTFIRÐIR        |
| <p><b>Aðgengi að opinberri grunnþjónustu</b><br/> jafnræði í opinberri þjónustu<br/> skólamáli í lagi og ekki síður heilsugæslan, löggæsla<br/> Heilbrigðisþjónusta – löng bíð eftir lækniþjónustu<br/> Eldri borgara hafi val um búsetu síðustu árin</p>  | VESTFIRÐIR        |
| <p><b>Gott aðgengi og góð sérfræði-, lækni- og heilbrigðisþjónusta</b><br/> Uppbygging heilbrigðisþjónustuklasa með sérhæfingu í hverjum klasa fyrir sig<br/> Stúðla að því að sérfræðingar eins og heimilislæknar geti unnið í teymum og þannig stutt hvern annan.<br/> Fjarheilbrigðisþjónusta verði nýtt þegar raunhæft væri að nýta þennan kost.<br/> Auka geðheilbrigðisþjónustu<br/> Nýta tækifæri til samvinnu við sveitarfélög til að laða sérfræðinga eins og heilbrigðisstarfsfólk að því að starfa úti á landi.</p> | VESTURLAND        |
| <p><b>Aðgengi að grunnþjónustu, verslun o.fl</b><br/> Kæli- og frystiþjónusta í póstsamgöngum vegna matarinnkaupa<br/> Auka stuðning við – Beint frá býli</p>  | VESTURLAND        |
| <p><b>Búsetufrelsi þýðir aðgengi að grunnþjónustu</b><br/> Viljum hafa aðgang að góðri þjónustu – en ekki hægt að hafa alla þjónustu á öllum stöðum. Það þarf að þetta netið í þjónustunni.<br/> Aðgengi að grunnheilbrigðisþjónustu (heilsugæslulæknum) í stærri þéttbýliskjörnum. (mönnunnavandi)<br/> Stoðþjónusta sálfræðingar, iðjuþjálfar o.s.frv. sem vantar.</p>   | VESTURLAND        |
| <p><b>Búsetufrelsi felst í að geta búið í nálægð við náttúru (friðsælt umhverfi) sem býður umhverfi til nýsköpunar, betri samvinnu, styttir boðleiðir, persónulegri þjónustu og betri nýtingu á tíma.</b><br/> Tryggja að gæði svæðisins og á það sérstaklega við um uppbyggingu vindorkuvirkjanir.<br/> Aðstaða fyrir íbúa til að hittast – félagsheimili/félagsmiðstöðvar/samfélagsmiðstöð.</p>  | VESTURLAND        |
| <p><b>Aðgengi að heilbrigðisþjónustu</b><br/> Greiða þarf meira niður ferðakostnaðar vegna heimsóknna til lækna og annarra sérfræðinga</p>   | NORÐURLAND VESTRA |
| <p><b>Réttur til að búa hvar sem er – út frá mannréttindasjónarmiðum.</b><br/> Gott aðgengi að heilbrigðisþjónustu og samgöngum<br/> Jafn aðgengi að þjónustu í gegnum netið.</p>  | NORÐURLAND VESTRA |
| <p><b>Aðgengi að heilbrigðisþjónustu</b><br/> Fjölga þarf læknum á landsbyggðinni, m.a. með hvötum til að þeir sjái sér hag í að flytja út á land.<br/> Tryggja þarf áreiðanlegt innanlandsflug.<br/> Finna leiðir til að auka viðveru sérgreinalækna.<br/> Efla þarf fjórðungssjúkrahúsin.<br/> Afnema þarf tímafyrirvara á Heilsuveru vegna lækniheimsókna (ekki hægt að panta langt fram í tímann núna).</p>  | NORÐURLAND EYSTRÁ |
| <p><b>Aðgangur að heilbrigðisþjónustu</b><br/> Skortur á starfsfólki – aðgangur að menntunester<br/> Styrkja heilbrigðisþjónustuna með því að fela henni sérverkefni/sérþjónustu. Styrkja hana með þeim hætti.<br/> Fjármagn – fjármagn til heilsugæslunnar lækkar sbr. fyrirbyggjandi fjárlög<br/> Fjarheilbrigðisþjónusta – kanna hvort hægt sé að koma til móts við ákveðin hluta íbúa með því.</p>   | SUÐURNES          |
| <p><b>Aðgengi að nærþjónustu</b><br/> Tryggja samfellu í allri þjónustu, tam á milli þjónustu ríkis og sveitarfélaga.<br/> Byggja þarf upp svæðisgjarna. Tryggja þarf fjármögnun lögbundinnar þjónustu.</p>  | NORÐURLAND EYSTRÁ |
| <p><b>Búsetufrelsi gerir kröfu um fleiri möguleika til að nálgast þjónustu.</b><br/> Þarf að tryggja fjármögnun verkefna/þjónustu sem sveitarfélög eiga að veita.</p>  | NORÐURLAND EYSTRÁ |
| <p><b>Aðgengi að grunnþjónustu eins og heilbrigðisþjónustu, skólum, leikskólum.</b><br/> Nýta ívilnanir til að laða sérfræðinga að störfum á landsbyggðinni.<br/> Ríkið hækkar greiðslur til sveitarfélaga vegna lögbundinnar þjónustu sveitarfélaga við íbúa, tam þjónustu við fólk með fötlun,<br/> rekstur leikskóla og skóla.</p>  | SUÐURLAND         |
| <p><b>Þjónusta í nærumhverfi</b><br/> Góðar almenningssamgöngur á landi og í lofti<br/> Góðir innviðir, bæði á vegum og í raforkuferfinu<br/> Störf án staðsetningar, uppbygging á aðstöðu<br/> Heilnæmt húsnæði, ekki gefinn afsláttur af kröfum – fjölbreytt húsnæðisúrræði í boði.</p>  | SUÐURLAND         |

### **Þjónusta í nærumhverfi**

Aukinn stuðningur við íþróttastarf

Gera leikskóla að lögbundnu hlutverki sveitarfélaga

Óásættanlegt að deildir í HÍ bjóði ekki upp á fjarkennslu

Jafna aðstöðu og aðgengi að heilsugæslu

SUÐURLAND

### **Aðgangur að grunnþjónustu**

Fjármagn

Tekjur eru ekki að standa undir nauðsynlegri uppbyggingu

Jöfnunarsjóður tekur ekki nægilegt tillit til mismunandi svæða

NPA – samningar ekki fjármagnaðir

Eru að rýna þá þjónustu sem verið er að veita, gæti þurft stuðning við það að skoða þá þjónustu sem er í boði.

Aldraðir, vantar að byggja og stefnumörkun til lengri tíma

Sameining sveitarfélaga gæti stuðlað að betri þjónustu

SUÐURNES

### **Þjónusta:**

Fjarþjónusta í heilbrigðismálum, annaðhvort að sérfræðingar ferðist um eða að þeir séu í boði í fjarþjónustu.

Almenningssamgöngur

Mætti opna á Loftbrú fyrir alla. Allir ættu að eiga möguleika á henni.

Störf án staðsetningar

Fólk þarf að búa í sveitarfélögum til að fá tilfinningu fyrir þeim.

SUÐURLAND

### **Aðgengi að þjónustu. Bætt heilbrigðis- og félagsþjónusta í sveitarfélögum – eða í nærumhverfi. Rafveitur og fráveitur.**

-Samgöngur og fjarskipti nátengd. Hægt að leysa ýmislegt með aðkomu fjarskipta.

HÖFUÐBORGARSVÆÐI

Bætt heilbrigðis- og félagsþjónusta í sveitarfélögum – eða í nærumhverfi. Einnig hugað að rafveitum og fráveitum.

HÖFUÐBORGARSVÆÐI

Samræma og samþætta þjónustuframboð óháð búsetu, svo ekki þurfi að flytja milli sveitarfélaga vegna m.a. vegna betri

öldrunarþjónustu. Reka byggðasamlög í kringum þjónustu. Hugsa þarf að aðgengi fyrir alla. runnþjónustan mikill lykill – þyrfti að

vera sterkari í hverfum. Getur dregið úr fjölda ferða. Nærþjónusta mikilvæg svo hægt sé að sækja þjónustu og vinnu innan hverfis.

HÖFUÐBORGARSVÆÐI

### **MENTUN**

#### **Aðgengi að leik- og grunnskólum, fjölbreytt og góð menntun**

Fjármagn

Aðgengi að menntun í nærsamfélagi

Fjarnám

Gæði

NORÐURLAND VESTRA

#### **Góðar menntastofnanir í heimabyggð fyrir börn og ungmenni**

Fjarmentun til að auka námsframboð fyrir fólk á öllum aldri.

Uppbygging framhaldskóla í fleiri byggðarlögum

Meiri skörun í grunn- og framhaldsskólanámi

Aukinn stuðningur við skólanefndir, meiri og skýrari menntastefna hjá sveitarfélögum með aðkomu allra.

Aukin samvinna menntastofnana, sérstaklega svæðisbundin

VESTFIRÐIR

#### **Menntun – aðgengi að fjarnámi tengist líka uppbyggingu**

Breyta hugsun í Háskóla Íslands – skólinn er ekki samkeppnishæfur á alþjóðavísu ef ekki er fjarnám frá skólanum.

Öflugir innviðir eins og fjarmentastöðvar. Aðgangur að stuðningsneti. Meiri tenging á milli háskólana og slíkra stöðva.

VESTURLAND

### **MENNING**

#### **Stuðningur og aðgengi að menningu**

Fjármagn

Aðgengilegri sjóðir

Byggðakvótar

Stefnumótun um samstarf sveitarfélaga og ríkis í menningarmálum

VESTFIRÐIR

### **ATVINNULÍF**

#### **Fjölbreytt atvinnulíf**

Endurskoða reglur um úthlutun byggðakvóta og strandveiða

Tryggja þarf ljósleiðara til allra íbúa – líka í dreifbýli.

Fjölga þarf opinberum störfum á landsbyggðinni.

Búa til hvata til að koma upp húsnæði fyrir störf án staðsetninga – sbr. Múllann á Norðfirði.

AUSTURLAND

#### **Atvinnumál – starfsöryggi - fjölbreytni starfa um allt land**

Framboð af fjölbreyttum störfum, tam sérfræðistörf, kennslustörf

Byggðakvótar opinberra starfa

VESTFIRÐIR

#### **Atvinnumál**

störf án staðsetningar

tengjast líka samgöngum og orkumálum, forsendur atvinnuuppbyggingar

gera erlendum sérfræðingum auðveldara að setjast hér að

Afsláttur af námslánum – ef fólk flytur og býr í ákveðinn tíma, t.d. 5 ár, sbr. í Norður Noregi

VESTFIRÐIR

#### **Fjölbreytt atvinnulíf**

Setja þarf hvata til sérfræðinga til að flytja út á land, t.d. í tengslum við endurgreiðslu námslána

Tryggja þarf að störf án staðsetningar séu úti á landi

Setja þarf skattalega hvata/lækka álögur til að auðvelda fólk að búa úti á landi

Byggja þarf upp aðstöðu fyrir störf án staðsetningar

NORÐURLAND VESTRA

#### **Búsetufrelsi gerir kröfu um að það séu störf við hæfi um allt land, fjölbreytt atvinnulíf – störf án staðsetninga.**

Hið opinbera þarf að auglýsa störf án staðsetningar.

Aðgangur að orku og heitu vatni – erfitt að laða að fyrirtæki ef það er ekki til staðar.

Fjarskiptaöryggi – þarf að tryggja það til þess að laða að fyrirtæki.

NORÐURLAND VESTRA

## Fjölbreytt atvinnulíf, t.d. störf án staðsetningar

Tryggja þarf orkuöryggi.

Ljúka þarf ljósleiðaravæðingu.

Fjármagna þarf húsnæði fyrir fjarvinnufólki.

Auka þarf fjarnám.

Flytja þarf störf út á land (óstaðsett störf eru ekki nóg).

NORÐURLAND EYSTRÁ

### Búsetufrelsi gerir kröfu um að það séu störf við hæfi um allt land

Skylda stofnanir til að auglýsa störf án staðsetningar – rökstyðja af hverju staða er ekki án staðsetningar.

Nútímaleg stjórnsýsla þarf að vera í nútímalegu umhverfi (fjarvinna).

Hugsað að því þegar verið er að stækka við húsnæði hvort möguleiki sé að fleiri vinn að heiman.

Skilgreina störf sem ekki er hægt að vinna án staðsetningar.

NORÐURLAND EYSTRÁ

### Störf án staðsetningar:

Styrkja sveitarfélög og nærumhverfi til að móta stefnur og að framkvæma þær.

Lítill sveitarfélög þurfa sérhæfða aðstoð við ýmis mál.

Mögulega væri það í gegnum SASS.

Úrræði byggðaaáætlunar ekki nógu vel útfærð í því að styðja við í að byggja upp aðstöðu fyrir störf án staðsetningar. Stoðkerfi

byggðapróunar. Styðja sveitarfélög í uppbyggingu aðstöðu, þarf að vera sitthvor aðstaða fyrir opinbera starfsmenn og almenna

vinnumarkað.

Þarf að tryggja að þegar unnið er að heiman, sé hægt að hafa tímabundna starfsaðstöðu í Reykjavík.

SUÐURLAND

### Fjölbreytt atvinnulíf

Hvatar – fyrir fyrirtæki og stofnanir til að bjóða upp á störf án staðsetningar

Nettenging – algjört lyklatríði til þess að hægt sé að bjóða upp á störf án staðsetningar

Hvatar – Sameiginleg aðstaða er hvati til þess að stuðla að því að fólk geti stundað störf án staðsetningar.

SUÐURLAND

Atvinnulíf verður að geta blómstrað í borginni. Innviðir verða að vera þannig að hægt sé að reka fyrirtæki.

HÖFUÐBORGARSVÆÐI

## FJARSKIPTI

### Góð nettenging – ljósleiðari, skapar góð skilyrði fyrir vinnu og nám

Ríkisstuðningur við nettenging bæði fjárhagslegur og í því skyni að tryggja öruggt fjarskipti með lögum

Eytt verði út dauðum punktum í nettengingu í gegnum farsímakerfi

NORÐURLAND EYSTRÁ

### Búsetufrelsi þýðir öryggi fjarskipta

Þarf að fjölga sendum (meiri útbreiðsla)

Varaafli sé í lagi á sendum.

Ljósleiðaravæðing í þéttbýli.

Samfella í breytingum sem verða, þegar eitt kerfi er tekið út (kopar) þá sé tryggt að það sé annað kerfi sem taki við.

NORÐURLAND EYSTRÁ

### fjarskiptamál, t.d. 3g tenging, háhraðatengingar og öruggt farsímasamband alls staðar

Útvíkka þarf verkefnið Ísland ljóstengt – kallað eftir efndum stjórnvalda

NORÐURLAND VESTRA

### Búsetufrelsi þýðir öryggi fjarskipta - trygg fjarskipti eru algjört öryggisatriði

Hugsa þarf um fólk í dreifbýli – varaafli þarf til að tryggja uppitíma fjarskipta.

NORÐURLAND VESTRA

### Öruggt fjarskipti – ljósleiðaratening

Ljúka þarf ljósleiðaravæðingu

Opna þarf á reikisamband vegna gsm síma

Passa þarf upp á að engir dauðir punktar séu í fjarskiptum

SUÐURLAND

### Búsetufrelsi þýðir öryggi fjarskipta/raforkuöryggi

Tryggja aðra leið vegna rafrænna skilríki. ef ekki er hægt að tryggja GSM samand.

Mörg dæmi um það að fólk geti ekki nýtt sér þjónustu af því að það getur ekki stafest rafræn skilríki.

Hringtenging – (bræðsla nýtir olíu til raforkuframleiðslu).

Bæta reki samband.

VESTURLAND

### Öryggi fjarskipta

Suðurstrandavegur – dettur út samband

Reykjanesbraut – við Hvassahraun

SUÐURNES

### Stafrænir innviðir, öflugur ljósleiðari.

Auka rafræna þjónustu/afgreiðslu hins opinbera (ríki/sveitarfélög).

Sveitarfélögin sameinist um stafrænar lausnir.

Allir opinberir ferlar eins og rafrænar undirritanir fari í gegnum www.island.is.

Öllum tryggður aðgangur að þjónustu, þ.e. hjálpað að nýta rafræna þjónustu og/eða boðið upp á aðrar leiðir fyrir hópa eins og

fólk með fótlan eða ekki með aðgengi að nauðsynlegri tækni.

GSM samband sé tryggt alls staðar. Kopar til öryggis þegar á þarf að halda.

VESTURLAND

## SKIPULAGSMÁL

Skipulagsmál

Skilvirkni og fyrirsjáanleiki

ríki ekki á sömu línu og sveitarfélögin,

uppbygging tekur of langan tíma

HÖFUÐBORGARSVÆÐI

### Svæðin okkar þurfa að búa yfir góðum umhverfisgæðum og aðstöðu til afþreyingar

Leiðbeiningar um hönnun bæja og landslags

Leiðbeiningar VG um hönnun þjóðvega í þéttbýli

Minnka notkun nagladekkja

Aðstaða fyrir afþreyingu svo sem bílastæði/uppahafstað fyrir hjólréiðar, kajak. Upplýsingar tiltækar um svæðið.

HÖFUÐBORGARSVÆÐI

### „Örbyggð“ /Íbúabyggð utan þéttbýlis.

Er ástæða til að gera breytingar á landsskipulagsstefnu vegna breyttra áherslna hjá fólki. Mögulega móta nánari stefnu um

hvernær þetta hentar og hvernær ekki.

HÖFUÐBORGARSVÆÐI

### Manneskjulegt skipulag og öll þjónusta aðgengileg á 20 mín

-Hávaði og dagsljós skiptir miklu máli.

-Úrgangsmál, flokkun þarf að vera samræmd.

NORÐURLAND EYSTRÁ

Manneskjulegt borgarskipulag og öll þjónusta aðgengileg á 20 mín.

SUÐURLAND

Hafa jafnréttisjónarmið í fyrirrúmi, vistlegt og aðgengilegt umhverfi. Minnka þörf á skutli.

VESTFIRÐIR

|   |   |
|---|---|
| <b>ORKUMÁL</b>  |   |
| Orkumál<br>Fjármagn<br>Meira rafmagn (virkjanir) – eðlileg þróun framboðs<br>Dreifikerfi til að tryggja flutningsgetu   | VESTFIRÐIR                                    |
| <b>UMHVERFISMÁL</b>   |   |
| Umhverfismálin<br>loftslagsmálin – þarf að taka þau inn í alla ákvarðanatökum   | VESTFIRÐIR                                    |
| <b>Öruggt dreifikerfi rafmagns</b><br>Suðurnesjalína 2 – klára hana   | SUÐURNES                                      |
| <b>SAMSKIPTI RÍKIS OG SVEITARFÉLAGA</b>   |   |
| Samskipti ríkis og sveitarfélaga þurfa að batna –<br>Sveitarfélög sýni fram á að það sé hagkvæmt og arðsamt að fjárfesta í samgöngum.<br>Mikil samfélagsleg arðsemi í samgöngubótum á svæðinu.<br>Nýtt svæðisskipulag góður grunnur.<br>Beta samstarf milli sveitarfélaga á Austurlandi sem ein rödd gegn ríkinu. Mögulega að öll sveitarfélögin sameinist öll í eitt.<br>Verulegur dragbítur á verkefni að deilur séu milli ríkis og sveitarfélaga í fjármögnun. Þryfti mögulega að skoða hvernig unnið er að svona málum í nágrannalöndum. Fjármögnun ríkis og sveitarfélaga – rífrildi um fjármögnun heldur aftur af framförum víða. Ekki gott fyrirkomulag. Mikilvægt fyrir 20 mín hverfin að fólk geti sótt sem flest nærri heimili. | AUSTURLAND                                    |
| Mikilvægt að tryggja sveitarfélögum fjármagn ekki síst í minni sveitarfélögum   | HÖFUDBORGARSVÆÐIÐ                             |
| <b>ÖRYGGI</b>   |   |
| <b>Öryggi íbúa gagnvart náttúruöflum og innviðum</b><br>Fjármagn<br>Traustir innviðir<br>Upplýsingagjöf<br>Viðhald viðbragðsáætlana   | VESTFIRÐIR                                    |
| <b>INNVIÐIR</b>   |   |
| <b>Innviðir</b><br>aðgengi að tryggni, grænni orku<br>vöntun á uppbyggingu innviða á Vestfjörðum, rafmagn, vegir, að upplýsingaflæði sé í lagi í gegnum net, síma, gsm<br>til að atvinnulífið, þjónusta, menntakerfi, jafnréttismál<br>Öryggi í fjarskiptamálum – útrýma dauðum punktum<br>Allt of víða ekkert gsm samband nema maður sé hjá tilteknu fjarskiptafyrirtæki. Illa farið með almannafé með styrkjum til þeirra.<br>Vantar endurvarpa sem deila öllum símafyrirtækjum jafnt<br>Raforkuöryggi – þarf að tryggja betur fyrir Vestfirði í heild sinni<br>Loftbrúin - fjölskyldan gæti nýtt saman sínar einingar<br>Oliuverð – jöfnun þess á milli landshluta, jafna aðgang íbúa að eldsneyti                                     | VESTFIRÐIR                                    |
| <b>SVEITARSTJÓRNARMÁL</b>   |   |
| <b>Sveitarstjórnarmál</b><br>léttu þarf álag<br>meiri virðing<br>Opnari umræða þar sem hverfaráð eru betur nýtt, aukið samtal við íbúa  | HÖFUDBORGARSVÆÐIÐ                             |
| <b>Efling sveitarfélaga</b><br>tryggja aukna tekjustofna og skipting milli ríkis og sveitarfélaga endurskoðuð þannig að sveitarfélög standi undir lögbundnum verkefnum, t.d, varðandi þjónustu fyrir fatlað fólk – eyða gráum svæðum<br>Auðlindagjöld renni til sveitarfélaga – sérstaklega fiskeldisgjaldið – þannig að þau geti staðið undir sínum lögbundnu verkefnum og verkefnum á borð við menningu o.fl.<br>sameining  | HÖFUDBORGARSVÆÐIÐ                             |
| <b>Fjárhagslegt sjálfstæði sveitarfélaga. Skýr verkaskipting ríkis og sveitarfélaga um tekjuskiptingu. Sveitarfélög geti veitt þjónustu sem þeim er ætlað.</b><br>-Hluti af fjármagnstekjum og vsk til sveitarfélaga<br>- Hækka útsvarsheimild sveitarfélaga.<br>-Væntingar til innheimtu fasteignagjalda skýrar þannig að sv. Fél upplifi ekki að þau séu ein á báti með þetta.  | HÖFUDBORGARSVÆÐIÐ                             |
| Mikilvægt að tryggja fjárhagslegt sjálfstæði sveitarfélaga, deilihagkerfi, skipulag miði að því að byggja vistlegt húsnæði (lýsing, mygla, veðurskilyrði, hnattstaða). Veitumál vanrækt og rafmagnsleysi. Úrgangsmál sér á báti, samræmd flokkun, tengt flutningum.<br>Mannlausir flutningar á sjó – vörur. Leysa ýmis mál með slíkri tækni. Grunnþjónusta, heilbrigðisþjónusta í nærumhverfi.  | HÖFUDBORGARSVÆÐIÐ                             |
| Fjárhagslegt sjálfstæði sveitarfélaga. Skýr verkaskipting ríkis og sveitarfélaga um tekjuskiptingu. Sveitarfélög geti veitt þjónustu sem þeim er ætlað.<br>Ríkið sendi ekki annars vegar skilaboð um að sveitarfélög sem fullnýti ekki fasteignagjöld séu þ.a.l. augljóslega ekki í fjárþörf, en á sama tíma hvött til að lækka fasteignagjöld þegar húsnæðisverð hækkar.<br>ef að það er lagaumgjörð (carsbergákvæðið) og síðan rúkað fyrir öbygðar heimildir þá hjálpaði það með jafnvægi og áætlana gerð sveitafélaga.<br>Sameining sveitarfélaga á hbsv.  | HÖFUDBORGARSVÆÐIÐ<br>VESTFIRÐIR<br>VESTFIRÐIR |

## BYGGÐAÁÆTLUN

Byggðaáætlun, leggja áherslu á ð ekki sé verið að stilla upp pólum milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis. Eðlilegt að það séu upp sterk byggðasjónarmið vegna uppbyggingu innviða.

Höfuðborgarsvæðið sé hluti af byggðaáætlun. Heildaráætlun fyrir landið allt. Þarfir svæða eru mismunandi. Byggðaáætlun fyrir allt landið er í þágu samkeppnishæfni landsins alls.

HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

Búsetufrelsi milli landa. Föst í deginum í dag. Miðast við höfuðborgarsvæðið. Mjög meðvituð um móttöku flóttafólks. Viðtækari skilgreining en Ísland. Hybrid-vinnustaðir. Skipulag miðað við atvinnu – heima eða á vinnustað. Horfa til fimm, tíu og fimmtán ára.

HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

## ÍMYNDARMÁL

Ímyndarvinna fyrir svæðið, stuðningur hvað það varðar.

Vísar sem eru skoðaðir gefa oft neikvæða mynd. Hvaða mynd fengist ef hlutfall iðnmenntaðra væri skoðað?

Margt jákvætt við svæðið en það vantar að draga það fram?

Flutningur ríkisstofnana – hvaða starfsemi og þjónusta er flutt á svæðið

oFlutningur á Landhelgisgæslunni lengi til skoðunar.

oBavia

SUÐURNES